

AUGLÝSING

um umferð á Álftanesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Álftaness hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið að hámarkshraði í íbúðahverfum í Sveitarfélaginu Álftanesi skuli vera 30 km/klst., að undanskildum Norður- og Suðurnesvegi og Jörfavegi en þar skal hámarkshraði vera 50 km/klst. Á hluta Suðurnesvegur við gatnamót að Sjávangötu og yfir gangbraut sunnan Vesturtúns skal hámarkshraði vera 30 km/klst. Hámarkshraði á Höfðabraut skal vera 30 km/klst.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 7. júlí 2008.

Jón H. B. Snorrason
aðstoðarlögreglustjóri.

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2008